

Héraðsdómur Suðurlands

Dómur 31. maí 2019

Mál nr. E-116/2017:

Arion banki hf.

Tinna Björk Gunnarsdóttir lögmaður.

gegn

Hreggviði Þorsteinssyni

og Litla Moshvoli ehf.

Ásgeir Þór Árnason lögmaður.

Dómur

Mál þetta, sem tekið var til dóms að lokinni aðalmeðferð þann 5. apríl 2019, er höfðað með stefnu birtri 23. maí 2017.

Stefnandi er Arion banki hf., Borgartúni 19, 105 Reykjavík.

Stefndu eru Hreggviður Þorsteinsson og Litli Moshvoll ehf.

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru svofelldar:

„Stefnandi krefst þess að stefndi, Hreggviður Þorsteinsson, verði dæmdur til að greiða stefnanda skuld að fjárhæð 7.582.019 kr. ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 22. apríl 2015 til greiðsludags.

Stefnandi krefst þess að stefndi, Litli Moshvoll ehf., verði með dómi gert að þola að fjárnám verði gert í fasteign hans, Litli-Moshvoll, Rangárþingi eystra, landnr. 164178, samkvæmt tveimur tryggingabréfum útgefnum af stefnda, Hreggviði Þorsteinssyni, annars vegar tryggingarbréf nr. 5250 sem útgefið var þann 15. desember 2006 að upphaflegri fjárhæð 10.000.000 kr., verðtryggt með grunnvísitöluna 266,1, sem nú hvílir á 4. veðrétti fasteignarinnar og hins vegar tryggingarbréf nr. 800545 sem útgefið var þann 6. ágúst 2008 að upphaflegri fjárhæð 200.000 evrur, sem nú hvílir á 5. veðrétti fasteignarinnar, fyrir kröfu að fjárhæð 7.582.019 kr. ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 22. apríl 2015 til greiðsludags.

Þá er þess krafist að stefndu verði dæmdir, in solidum, til að greiða stefnanda málskostnað að skaðlausu samkvæmt mati dómsins.“

„Þess er krafist að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda skuld að fjárhæð kr. 9.742.165,00, ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, frá 22. apríl 2015 til greiðsludags.

Pá er krafist málskostnaðar samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi.“

Stefndu krefst þess aðallega að þeir verði sýknaðir af öllum kröfum stefnanda, en til vara að fjárkrafa stefnanda á hendur stefnda Hreggviði verði stórlega lækkuð. Í báðum tilvikum er enn fremur gerð krafa um að stefnanda verði gert að greiða stefndu málskostnað eftir mati dómsins.

Við aðalmeðferð gaf skýrslu stefndi Hreggviður Þorsteinsson.

Fyrir uppkvaðningu dóms var gætt 1. mgr. 115. gr. laga nr. 91/1991.

Málavextir

Mál þetta er sprottið af skuldabréfi sem stefndi undirritaði 22. janúar 2009 þar sem hann viðurkenndi að skulda Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis hf. (SPRON) að jafnvirði kr. 22.150.000 á kaupdegi. Í fyrirsögn kemur fram að bréfið sé skuldabréf án tryggingar í erlendra mynt. Upphafsmynsamsetning sé að jöfnu svissneskir frankar (CHF) og japönsk jen (JPY). Fyrsti gjalddagi sé 1. febrúar 2009 og skuli vera 12 mánuðir milli gjalldaga. Meðfylgjandi bréfinu og dagsett sama dag er yfirlýsing stefnda þar sem hann kveðst gera sér grein fyrir að lántaka með þessum hætti sé áhættusamari en lántaka í íslenskum krónum, eins og sparisjóðurinn hafi kynnt honum sérstaklega.

Þann 8. eða 9. janúar 2009, en dagsetningin er ekki skýr á skjalinu, undirritaði stefnandi beiðni um skilmálabreytingu á bréfinu þar sem fyrsti gjalddagi yrði 20. janúar 2010 og var fallist á hana af hálfu SPRON. Þann 22. febrúar 2010 var aftur gerð skilmálabreyting og eftirstöðvar sagðar vera þann dag jafnvirði kr. 27.519.538. Var afborgun frestað til 1. maí 2010 og skyldi það vera lokagjalddagi. Undirritaði stefnandi þetta þann 23. febrúar 2010. Þann sama dag undirritaði stefnandi yfirlýsingu um betri rétt neytanda. Kemur fram í henni að skuldin sé vegna kaupa á stofnbrefum í SPRON.

Pá liggja fyrir 2 tryggingarbréf, dags. 15. desember 2006 og 6. ágúst 2008, þar sem stefnandi setur til tryggingar, annars vegar við Sparisjóð Reykjavíkur og nágrennis og hins vegar við hlutafélag með sama heiti, jörðina Litla Moshvol. Fyrri bréfið tryggir skuldir að fjárhæð kr. 10.000.000, en hið síðara skuldir að fjárhæð 200.000 evrur. Stefnandi afsalaði téðri jörð til einkahlutafélagsins Litla Moshvols þann 26. mars 2009.

Þann 7. maí 2014 tilkynnti stefndi stefnanda um að framangreint lán hefði verið endurútreiknað á grundvelli ákvæðis til bráðabirgða X laga nr. 38/2001 í samræmi við

fyrirmæli 18. gr. sömu laga og með hliðsjón af dómum Hæstaréttar Íslands í málum réttarins nr. 600/2011 og 464/2012. Hvert lán væri endurútreiknað frá stofnþegi þess og þangað til ætla mætti að lántaka hafi verið kunnugt um ólögmæti þess. Endurútreikningurinn væri gerður þannig að afborgunarhluti hverrar greiðslu sem inn hafi verið af hendi vegna lánsins á framangreindu tímabili sé færður til frádráttar upphaflegum höfuðstól lánsins í íslenskum krónum, sem beri ekki verðbætur af neinum toga. Hafi lánið verið í skilum með greiðslum af hálfu lántaka teljist vextir að jafnaði hafa verið að fullu greiddir vegna þessa tímabils. Frá þeirri dagsetningu sem ætla megi að lántaka hafi verið kunnugt um ólögmæti lánsins beri það óverðtryggða vexti Seðlabanka Íslands. Þá segir í endurreikningnum sem fylgir bréfinu að uppgreiðsluvirði fyrir útreikning sé kr. 11.528.355 og fyrsti dagur SÍ vaxta sé 19. apríl 2011. Endurreikningurinn er dagsettur 6. maí 2014 og greiðslur fyrir hann séu þannig að greiddar afborganir nemi kr. 18.494.031, greiddir vextir umfram SÍ vexti kr. 1.824.417, ógreiddir vextir bætt við höfuðstól kr. 4.203.920 og eftirstöðvar höfuðstóls séu þannig kr. 9.684.306. Hafi höfuðstóllinn þannig lækkað um kr. 1.844.049. Þá fylgir stefnu endurútreikningur, dags. 5. febrúar 2016, þar sem segir að eftirstöðvar höfuðstóls nemi kr. 7.582.019. Jafnframt hafa verið lagðar fram af hálfu stefnanda innheimtuviðvaranir, greiðsluáskoranir og innheimtubréf.

Jafnframt hefur stefnandi lagt fram gögn um framsal kröfunnar frá SPRON hf. til Dróma hf. og frá Dróma hf. til stefnanda. Er skuldabréfið jafnframt áritað um framsalið frá Dróma hf. til stefnanda.

Samkvæmt reikningsyfirliti stefnda fékk hann að yfirdraga reikning sinn um kr. 19.998.511 þann 19. júlí 2007 og hefur hann jafnframt lagt fram gögn um kaup sín á stofnfjárbréfum í SPRON frá þeim tíma. Jafnframt gögn um að stofnbrefin hafi breyst í hlutabréf í SPRON hf. eftir að sparisjóðin var breytt í hlutafélag. Þá hefur stefndi lagt fram gögn úr skýrslu Rannsóknarnefndar Alþingis um aðdraganda og orsakir erfiðleika og falls sparisjóðanna.

Jafnframt hefur verið lögð fram tilkynning SPRON 24. apríl 2007 til stefnanda um að inn á reikning hans hafi verið lögð arðgreiðsla að frádregnum fjármagnstekjuskatti kr. 4.394.550 í samræmi við stofnfjáreign hans.

Þá hefur stefndi lagt fram kröfulýsingu sína í þrotabú SPRON að fjárhæð kr. 31.197.562, en ekkert liggur fyrir hvað varð um hana og hver afdrif hennar urðu.

Þá hefur stefnandi lagt fram gögn um að hann hafi keypt stofnfjárbréf í SPRON fyrir kr. 19.998.437.

Jafnframt hefur stefndi lagt fram 3 kvittanir fyrir greiðslu, dags. 2. febrúar 2009, þar sem fram kemur að hann hafi greitt alls kr. 25.359.213, en ekki verður séð að það sé allt vegna þessa umrædda skuldabréfs.

Málsástæður og lagarök stefnanda

Stefnandi kveður kröfu sína vera byggða á skuldabréfi nr. 16946 (eldra nr. 10687), útgefnu þann 22. janúar 2008, þar sem stefndi, Hreggviður, hafi viðurkennt að skulda Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis hf., (SPRON), jafnvirði 22.150.000 kr., til helminga í svissneskum frönskum og japönskum jenum. Samkvæmt skilmálum skuldabréfsins skyldi endurgreiða skuldina með þremur greiðslum á tólf mánaða fresti, í fyrsta skipti þann 1. febrúar 2009. Skuldin skyldi bera erlenda vexti samkvæmt nánari útlistun í skilmálum skuldabréfsins.

Kveður stefnandi að þann 9. febrúar 2009 hafi stefndi Hreggviður greitt upp hluta skuldabréfsins, þ.e. þann hluta lánsins sem tengdur var við gengi svissnesks franka, með greiðslu að fjárhæð 18.494.031 kr. Auk þess hafi stefndi Hreggviður greitt upp áfallna vexti af þeim hluta lánsins, að fjárhæð 1.201.470 kr. Þann sama dag hafi verið gerðar breytingar á greiðsluskilmálum þess hluta skuldabréfsins sem tengdur var við gengi japanskra jena. Hafi verið ákveðið að áfallnir vextir af eftirstöðvum skuldarinnar, fram að 2. febrúar 2009, skyldu bætast við höfuðstól lánsins og að stefndi skyldi endurgreiða skuldina að fullu þann 1. febrúar 2010, ásamt áföllnum vöxtum frá 2. febrúar 2009.

Enn kveður stefnandi að þann 23. febrúar 2010 hafi á ný verið gerð breyting á greiðsluskilmálum skuldabréfsins þar sem ákveðið hafi verið að lokagjalddaga lánsins yrði frestað fram til 1. maí 2010. Samhliða undirritun skilmálabreytingarinnar hafi stefndi Hreggviður afhent stefnanda bréf þar sem fram kom að við undirritun skjalsins gerði hann „fyrirvara um betri rétt neytanda“. Í bréfinu hafi jafnframt komið fram að tilgangur útgáfu skuldabréfsins hafi verið kaup á stofnbréfum í SPRON.

Þá kveður stefnandi að þann 15. desember 2006 gaf hafi stefndi Hreggviður gefið út tryggingarbréf nr. 5250 til tryggingar öllum skuldum sínum við SPRON, hvenær sem þær hefðu stofnast eða myndu stofnast og í hvaða formi og gjaldmiðli sem er. Með tryggingarbréfinu hafi þáverandi fasteign stefnda, Hreggviðs, Litli-Moshvoll, Rangárþingi eystra, landnr. 164178, verið sett að veði, upphaflega með 4. veðrétti og uppfærslurétti, til tryggingar skuldum samkvæmt tryggingabréfinu, þó að hámarki að fjárhæð 10.000.000 kr., auk vísitöluálags, vaxta, dráttarvaxta og alls kostnaðar sem af vanskilum kynni að leiða. Þann 6. ágúst 2008 hafi stefndi Hreggviður gefið út annað tryggingarbréf, nr. 800545, til tryggingar öllum skuldum og fjárskuldbindingum sínum við SPRON, hvenær sem þær hefðu stofnast eða myndu stofnast og

í hvaða formi og gjaldmiðli sem er. Sem fyrr hafi þáverandi fasteign stefnda Hreggviðs, Litli-Moshvoll, Rangárþingi eystra, landnr. 164178, verið sett að veði, upphaflega með 5. veðrétti og uppfærslurétti, til tryggingar skuldum samkvæmt tryggingabréfinu, þó að hámarki að fjárhæð 200.000 evrur, auk dráttarvaxta og alls kostnaðar sem af vanskilum kynni að leiða. Tryggingarbréfin hvíli nú á 4. og 5. veðrétti fasteignarinnar.

Kveður stefnandi að með afsali dags. 26. mars 2009 hafi nefnd fasteign, Litli-Moshvoll, Rangárþingi eystra, landnr. 164178, verið seld til stefnda, Litla Moshvols ehf.

Þá vísar stefnandi til þess að í kjölfar uppkvaðningar dóms Hæstaréttar í máli nr. 155/2011 var hafi stefnda verið tilkynnt að skuld samkvæmt fyrrgreindu skuldabréfi teldist innihalda ólögmeta gengistryggingu og bryti því í bága við ákvæði VI. kafla laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu. Í framhaldinu hafi skuldin verið endurreiknuð í samræmi við fyrirmæli 18. gr. nefndra laga. Með bréfi dags. 7. maí 2014 hafi stefndu verið kynntur endurskoðaður endurreikningur skuldarinnar, sem gerður hafi verið með hliðsjón af forsendum dóma Hæstaréttar í málum nr. 600/2011 og nr. 464/2012, sem báðir hafi verið kveðnir upp á árinu 2012 og hafi varðað endurreikning gengistryggðra lána að teknu tilliti til útgefinna fullnaðarkvittana fyrir greiðslum vaxta.

Kveðst stefnandi hafa endurreiknað skuldina á ný, enda hafi skuldin í fyrri endurreikningi verið endurreiknuð með óverðtryggðum vöxtum Seðlabanka Íslands frá síðasta vaxtagjaldþingi þann 2. febrúar 2009, og fram til endurreikningsdags þann 6. maí 2014, þ.e. fram yfir lokagjaldþingi lánsins þann 1. maí 2010. Við hinn nýrri endurreikning sé skuldin endurreiknuð til lokagjaldþingi þann 1. maí 2010. Við hinn nýja endurreikning lánsins lækki eftirstöðvar kröfunnar og þ.a.l. sé hinn nýi endurreikningur til hagsbóta fyrir stefndu.

Kveður stefnandi að endurreikningurinn fari almennt þannig fram að sérhver greiðsla sem gerð hefur verið af höfuðstól skuldarinnar, sé færð til frádráttar upphaflegum höfuðstól skuldarinnar í íslenskum krónum. Hafi vextir verið fullgreiddir fyrir tiltekið vaxtatímabil krefjist stefnandi ekki viðbótarvaxta á því tímabili, enda teljist lántaki hafa fullnaðarkvittun fyrir greiðslu vaxta á því tímabili. Fyrir þau vaxtatímabil sem engir vextir hafi verið greiddir af skuldinni standi ekki rök til annars en að krafan beri óverðtryggða vexti Seðlabanka Íslands á því tímabili, sbr. 4. gr. laga nr. 38/2001, sbr. jafnframt dóma Hæstaréttar í málum nr. 471/2010 og 518/2011, enda liggi þá engar fullnaðarkvittanir fyrir.

Eins og komi fram í endurreikningi 6. maí 2014 hafi upphaflega lánsfjárhæð 22.150.000 kr. en að frádregnum kostnaði, að fjárhæð 336.200 kr., og alls 21.813.800 kr. verið greiddar til stefnda Hreggviðar, þann 24. janúar 2008. Þann 2. febrúar 2009 hafi stefndi Hreggviður greitt vexti af þeim hluta lánsins sem tengdur var við gengi svissnesks franka samtals 1.201.470 kr.

Jafnframt hafi stefndi Hreggviður greitt upp þann hluta skuldarinnar sem hafi verið tengd gengi svissnesks franka með greiðslu að fjárhæð 18.494.031 kr. Eins og komi fram í viðauka við skilmálabreytingu dags. 2. febrúar 2009 skyldi bæta áföllnum vöxtum af þeim hluta lánsins sem tengdur var við gengi japansks jens við höfuðstól lánsins. Það hafi og verið gert, en þann 2. febrúar 2009 hafi 2.915.121 kr. verið bætt við höfuðstól lánsins. Sú fjárhæð samanstandi af vöxtum skv. 4. gr. laga nr. 38/2001 reiknuðum á upphaflegan höfuðstól lánsins fyrir tímabilið 24. janúar 2008 til 2. febrúar 2009, að frádreginni fyrrgreindri vaxtagreiðslu að fjárhæð 1.201.470 kr. ($4.116.591 - 1.201.470 = 2.915.121$). Vextir af eftirstöðvum lánsins, sem hafi fallið til á tímabilinu 2. febrúar 2009 til 1. maí 2010, sbr. einnig viðauka dags. 23. febrúar 2010, samtals að fjárhæð 1.010.929 kr., hafi ekki verið greiddir á gjalddaga þann 1. maí 2010 og sé bætt við höfuðstól lánsins. Í samræmi við framangreint hafi eftirstöðvar lánsins numið 7.582.019 kr. ($22.150.000 + 2.915.121 - 18.494.031 + 1.010.929$) á lokagjalddaga lánsins þann 1. maí 2010, en það sé stefnufjárhæð málsins.

Byggir stefnandi á því að samkvæmt framangreindu hafi skuld stefnda Hreggviðs samkvæmt skuldabréfinu numið 7.582.019 kr. á lokagjalddaga þess þann 1. maí 2010. Innheimtuaðgerðir hafi ekki borið árangur og því sé stefnanda nauðsynlegt að höfða mál þetta. Getur stefnandi þess að þann 31. mars 2016 hafi stefnandi þingfest mál á hendur stefndu vegna sakarefnisins en þar sem málið hafi verið höfðað á röngu varnarþingi hafi það verið fellt niður að frumkvæði stefnanda með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur þann 26. október 2016, í máli nr. E-1014/2016.

Byggir stefnandi málatilbúnað sinn á almennum reglum kröfuréttar og meginreglum samningaréttar um skuldbindingargildi loforða og skyldu til að efna samninga en samkvæmt þeim reglum beri að fallast á kröfur stefnanda í máli þessu. Rétt sé að geta þess að tilgangurinn með útgáfu skuldabréfsins sé stefnanda með öllu óviðkomandi. Sé það rétt sem fram komi í bréfi stefnda dags. 23. febrúar 2010 að skuldabréfið hafi verið gefið út til kaupa á stofnbrefum í SPRON beri stefndi sjálfur áhættuna af þeim viðskiptum, sbr. til hliðsjónar dóm Hæstaréttar í máli nr. 81/2011.

Þá kveðst stefnandi eiga óbein eignaréttindi, veðréttindi, í fasteign stefnda, Litla Moshvols ehf. vegna skuldar stefnda Hreggviðs, samkvæmt fyrrgreindum tryggingarbréfum. Stefnanda sé ekki mögulegt að fá gert fjárnám í fasteigninni að Litla-Moshvoli, Rangárþingi eystra, landnr. 164178, á grundvelli tryggingarbréfanna, fyrir kröfu samkvæmt framangreindu skuldabréfi, þar sem áskilnaði 1. mgr. 3. gr. laga nr. 90/1989 um aðför, sbr. 7. tölul. 1. mgr. 1. gr. sömu laga, sé ekki fullnægt gagnvart stefnda, Litla Moshvoli ehf. Nánar tiltekið komi skuldbinding hans ekki fram í sjálfu skuldabréfinu enda byggi veðsetningin á tryggingarbréfum

sem tryggi allar skuldir stefnda, Hreggviðs, líkt og áður greini. Því sé stefnanda nauðsynlegt að fá aðfararhæfan dóm um að stefnda, Litla Moshvoli ehf., verði gert að þola að fjárnám verði gert í fasteign hans fyrir kröfu samkvæmt skuldabréfinu, svo stefnandi geti nýtt sér veðréttindin samkvæmt tryggingarbréfunum og fengið fullnustu kröfu sinnar af veðinu.

Gerir stefnandi kröfu um greiðslu dráttarvaxta samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og veðtryggingu, sbr. heimild í 4. tölul. skilmála skuldabréfsins. Upphafsdagur dráttarvaxta sé 21. júní 2017, þ.e. fjórum árum fyrir þingfestingardag máls þessa enda séu dráttarvextir fyrir þann tíma fyrndir.

Þá vísar stefnandi til þess að með heimild í lögum nr. 125/2008 hafi Fjármálaeftirlitið tekið þá ákvörðun dags. 21. mars 2009 að taka yfir vald stofnfjárfundar SPRON, og víkja stjórn sjóðsins og skipa skilanefnd yfir hann. Með ákvörðun Fjármálaeftirlitsins dags. 26. maí 2009 hafi enn fremur verið stofnað sérstakt hlutafélag, Drómi hf., sem hafi tekið við eignum SPRON. Þann 31. desember 2013 hafi stefnandi fengið kröfu samkvæmt fyrrgreindu skuldabréfi og tryggingarréttindi fyrir henni samkvæmt fyrrgreindum tryggingarbréfum, framseld frá Dróma hf., sbr. einnig áritun á skjölin, og teljist því réttur aðili að málinu.

Stefnandi kveðst vísa til almennra reglna kröfuréttar og meginreglna samningaréttar um skuldbindingagildi loforða og skyldu til að efna samninga, en reglur þessar fá m.a. stoð í lögum nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga. Þá sé vísað til 2. og 6. gr. laga nr. 90/1991 um nauðungarsölu, ákvæða 1. og 3. gr. laga nr. 90/1989 um aðför og almennra reglna veðréttar, sbr. t.d. lög nr. 75/1997 um samningsveð. Um aðild sína vísar stefnandi til 100. gr. a. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, ákvarðana Fjármálaeftirlitsins og framsals Dróma hf. til stefnanda. Jafnframt vísar stefnandi til VI. kafla laga nr. 38/2001 um vexti og veðtryggingu, ákvæða 3., 4. og 18. gr. laganna og ákvæðis til bráðabirgða XIV laganna. Dráttarvaxtakröfu sína styður stefnandi m.a. við 1. mgr. 5. gr. og 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og veðtryggingu. Um varnarþing vísar stefnandi til 32. gr. og 33. gr. laganna. Krafa stefnanda um málskostnað er studd við 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991.

Málsástæður og lagarök stefndu

Aðalkrafa stefndu um sýknu:

Stefndu byggja á því að skuldabréf það sem lagt er fram og sem málatilbúnaður stefnanda byggir á, hafi verið útgefið af stefnda Hreggviði til Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis hf., sem síðar hafi fengið nafnið SPRON hf., hér eftir nefnt SPRON, vegna kaupa hans á stofnfjárbréfum í Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis 19. júlí 2007, hér eftir nefndur

sparisjóðurinn, rétt áður en samþykkt hafi verið á fundi stofnfjáreigenda, hinn 21. ágúst 2007, að breyta sparisjóðnum í hlutafélag.

Kaupverðið, kr. 19.998.511, hafi stefndi Hreggviður innt af hendi með því að dregið hafi verið á yfirdráttarreikning hans hjá sparisjóðnum nr. 132 en umsamið hafi verið milli hans og Ara Bergmanns, útibússtjóra, að síðar yrði gengið frá skuldabréfaláni vegna kaupanna en það hafi hins vegar ekki verið gert fyrr en með útgáfu skuldabréfs þess sem mál þetta snýst um hinn 22. janúar 2008.

Hlutabréf þau sem stefndi Hreggviður hafi síðan fengið í skiptum fyrir stofnfjárbréfin hafi reynst vera verðlaus við fall SPRON og hafi einnig verið það við kaupin og lánveitinguna. Stefndu byggja á því að starfsmenn sparisjóðsins hafi beitt blekkingum í viðskiptunum og kaup stefnda Hreggviðs á stofnfjárbréfunum séu ógild. Þar með sé engin skuld á bak við skuldabréf það sem stefnandi leggur fram til sönnunar fyrir meintri kröfu sinni og því beri að sýkna stefndu af öllum kröfum stefnanda.

Máli sínu til stuðnings vísa stefndu til ógildingarreglna laga nr. 7/1936, með síðari breytingum, einkum 31. gr. og 36. gr., auk óskráðra reglna kröfuréttar um brostnar forsendur. Byggja stefndu á því að starfsmenn sparisjóðsins hafi notað sér einfeldni stefnda Hreggviðs og fákunnáttu til að fá hann til að kaupa stofnfjárbréfin og að sparisjóðurinn og SPRON hafi þar með aflað sér hagsmuna sem hafi verið bersýnilega miklu verðmætari en hin verðlausu stofnfjárbréf og að bersýnilegur mismunur hafi verið á hagsmunum þessum og endurgjaldi því er fyrir þá hafi komið í formi skuldabréfsins og að gerningur þessi sé því ógildur gagnvart stefnda Hreggviði sem hallað hafi verið á með honum. Einnig byggja stefndu á því að víkja eigi samningnum til hliðar í heild eða að hluta, þar sem það verði að teljast vera ósanngjarnt af stefnanda eða andstætt góðri viðskiptavenju að bera hann fyrir sig með því að innheimta skuldabréfið að fullu hjá stefndu og að m.a. eigi í því sambandi líta til efnis samnings, stöðu samningsaðilja, atvika við samningsgerðina og atvika sem síðar komu til. Sé þá jafnframt vísað til þess að stefndi Hreggviður hafi þegar greitt stærstan hluta kröfunnar samkvæmt málatilbúnaði stefnanda, sbr. það sem komi í stefnu.

Byggja stefndu á því að Sparisjóðurinn hafi falsað og fegrað reikninga sína með ólögætum hætti til þess að mynda markaðsverð með stofnfjárbréf og síðar hlutabréf sem hvergi hafi getað verið nálægt sannvirði sparisjóðsins og að hann hafi í raun verið kominn í greiðsluþrot þegar stefndi Hreggviður hafi verið blekkur til að kaupa stofnfjárbréfin. Stefndandi, sem telji sig hafa eignast kröfu á hendur stefnda Hreggviði fyrir framsal skilaneftdar SPRON og Dróma ehf., geti ekki öðlast betri rétt á hendur stefndu en sparisjóðurinn og SPRON hafi haft og verði því að sæta öllum hinum sömu mótbárum og SPRON myndi ella hafa þurft

að sæta vegna viðskiptanna. Allar varnir stefndu sem að þessu lúta komist því að í málinu enda sé það ekki höfðað á grundvelli 17. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Vísa stefndu til skýrslna Alþingis um hrun bankakerfisins og fall sparisjóðanna.

Kveða stefndu að umrædd kaup á stofnfjárbréfum í sparisjóðnum teljist til verðbréfavíðskipta í skilningi laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti eða með lögjöfnun. Sparisjóðinum hafi m.a. borið að fylgja almennri reglu 5. gr. laganna sem leggi þá skyldu á fjármálafyrirtæki að starfa í samræmi við eðlilega viðskiptahætti og venjur í verðbréfavíðskiptum, með trúverðugleika fjármálamarkaðarins og hagsmuni viðskiptavina að leiðarljósi. Sparisjóðnum hafi samkvæmt 14. gr. laganna borið að veita stefnda Hreggviði m.a. greinargóðar upplýsingar um þá áhættu sem viðskiptunum fylgdi og þær hafi orðið að vera skýrar og sanngjarnar og ekki mátt vera villandi þannig að stefndi gæti tekið „upplýsta fjárfestingarákvörðun“. Ekki verði séð að starfsmenn sparisjóðsins hafi gætt skyldu sinnar samkvæmt þessu ákvæði þannig að stefndi Hreggviður fengi nægilega greinargóðar upplýsingar um þá áhættu sem hafi falist í að taka lán til kaupa á stofnfjárbréfunum. Þá hafi verið um að ræða þjónustu á sviði verðbréfavíðskipta, sem telja verði að hafi fallið undir 16. gr. laganna. Því hafi sparisjóðurinn átt að óska eftir upplýsingum um þekkingu og reynslu stefnda Hreggviðs á sviði þessarar tegundar verðbréfavíðskipta áður en ákveðið hafi verið að lána honum til kaupanna. Byggt sé á því að stefndi Hreggviður hafi vegna villandi ráðgjafar starfsmanna sparisjóðsins og SPRON samþykkt lántökuna og að sparisjóðurinn og SPRON hafi sýnt af sér alvarlegt skeytingarleysi um hagsmuni stefnda Hreggviðs, sem hafi ekki haft mikla þekkingu á verðbréfavíðskiptum, með því að upplýsa hann ekki um þá áhættu sem hafi falist í því að taka lán til kaupa á stofnfjárbréfum í þessu fjármálafyrirtæki sjálfu.

Þrátt fyrir framangreindar skyldur hafi starfsmenn sparisjóðsins og SPRON talað stofnbréfin upp og fullvissað stefnda Hreggvið um að hann væri einn af útvöldum mönnum sem fengju að komast í elítuhóp sem ættu kost á að eignast stofnfjárlutabréf í sparisjóðnum, sem ekki gætu annað en hækkað í verði þegar sparisjóðurinn yrði að hlutafélagi og yrði skráður í kauphöll. Í ljósi allra þessara aðstæðna sé byggt á því að stefndi Hreggviður hefði ekki tekið lánið ef honum hefði verið veitt rétt ráðgjöf sem hefði skýrt hvaða afleiðingar það hefði ef forsendur um rekstur sparisjóðsins og væntar arðgreiðslur gengju ekki eftir og ef réttar upplýsingar um stöðu sparisjóðsins hefðu legið fyrir. Í þessu sambandi sé sérstaklega vísað til þess að raunverulegir seljendur stofnfjárbréfanna hafi verið stjórnarmenn og ædstu stjórnendur sparisjóðsins og hafi því starfsmenn sjóðsins gengið erinda þeirra í viðskiptunum gagnvart stefnda Hreggviði og brotið þar með skýrar eftirlits- og starfsreglur sparisjóðsins frá 31. janúar 2007, sem staðfestar hafi verið af fjármálaeftirlitinu.

Stefndi Hreggviður vísar til þess að samkvæmt málatilbúnaði stefnanda þá hafi hann greitt kr. 19.695.501 vegna skuldabréfsins og þegar virt sé að hann hafi upphaflega tekið kr. 19.998.511 að láni hjá sjóðnum til kaupanna hinn 19. júlí 2007 þá sé sanngjarnt að beita 36. gr. samningalaga með þeim hætti að telja kaupin vera uppgerð með aðilum enda nánast um sömu fjárhæð að tefla og að engin skuld standi því á bak við skuldabréfið.

Verði ekki talið unnt að beita ógildingarreglum samningalaga kveðast stefndu vísa til óskráðra reglna um brostnar forsendur. Í því sambandi vísa stefndu til þess að stefndi Hreggviður hafi gert ráð fyrir, þegar hann keypti stofnfjárbréfin í sparisjóðnum, að það væri góður fjárfestingarkostur enda haf þá legið fyrir að sparisjóðnum yrði breytt í hlutafélag og hann skráður á markað. Útilokað hafi verið fyrir stefnda Hreggvið að sjá fyrir að hlutbréfin yrðu með öllu verðlaus við hrun íslenska fjármálakerfisins um haustið 2008 þó hann hafi mátt gera sér grein fyrir að verðmæti þeirra kynni að lækka jafnt sem hækka eins og þekkt sé með slík bréf á markaði.

Enn fremur kveðast stefndu byggja á því að beita eigi framangreindum ákvæðum samningalaga og ógilda útgáfu stefndu á tryggingarbréfi, dags. 6. ágúst 2008, vegna þess að stefndu hafi verið blekkir af SPRON til að gefa bréfið út til frekari trygginga við veðkall er verð hafi hrunið á hlutum í hlutafélaginu SPRON. Augljóslega hafi engin þörf verið á þeim tíma fyrir frekari tryggingu fyrir skuldinni þegar virt sé að hún hafi verið bundin gengi erlendra gjaldmiðla með ólögætum hætti og ef SPRON hefði á þeim tíma haft skuldina réttilega bókaða í sínum bókum, sem skuld í íslenskum krónum, hefði SPRON hvorki getað krafist frekari trygginga með veðkalli né gert það og þá hefðu stefndu ekki gefið út bréfið. Þá sé byggt á því að starfsmenn sparisjóðsins og SPRON hafi talið stefnda Hreggviði trú um að stofnfjárbréfin og síðan hlutabréfin myndu alltaf duga fyrir skuldinni og að veðréttur sparisjóðsins og SPRON í bréfunum sjálfum, sem stofnaður hafi verið samhliða kaupunum eða lánveitingunni, myndi verða eina trygging sparisjóðsins og SPRON fyrir endurgreiðslunni. Ósanngjarnt sé jafnframt að stefnandi dragi nú fram í dagsljósið eldra tryggingarbréf, dags. 15. desember 2006, sem stefndu hafi gefið út til sparisjóðsins vegna allt annarra viðskipta tveimur árum fyrr. Þá kveðast stefndu byggja á því að Ari Bergmann, útibússtjóri SPRON, hafi lofað stefnda að gegn greiðslu hans á kr. 25.359.213 hinn 2. febrúar 2009 yrði tryggingarbréfunum aflétt af Litla-Moshvoli. Stefndi Hreggviður hafi innt greiðsluna af hendi í góðri trú um að hann væri að segja satt en auk þess hafi Ari sagt Hreggviði á sama tíma að Deutsche bank væri að eignast SPRON og framtíð SPRON væri tryggð.

Til vara kveðst stefndi Hreggviður byggja á því að hann hafi fyrir löngu greitt upp skuld skv. skuldabréfinu og að gögn um það hljóti að vera í fórum stefnanda. Vísar stefndi

Hreggviður til þess að framangreind greiðsla, sem hann hafi innt af hendi 2. febrúar 2009 að fjárhæð kr. 25.359.213 verði að teljast fullnægjandi til skuldarlúkningar þegar virtur sé réttmætur endurreikningur vegna ólöglegar viðmiðunar við erlenda gjaldmiðla eins og stefndi telji að hann eigi að vera og nánar sé reifaður vegna varakröfunnar. Þá sé mótmælt öllum útreikningum stefnanda og sundurliðun kröfunnar bæði í stefnu og öðrum framlögðum gögnum. Bendir stefndi Hreggviður sérstaklega á að samkvæmt skattayfirliti stefnanda, sem honum hafi borist frá stefnanda um áramót 2016/2017 telji stefnandi sjálfur að hann eigi enga kröfu á hendur honum vegna þess skuldabréfs nr. XXXX-35-16946, sem hann krefji hann nú um greiðslu vegna.

Samkvæmt málatilbúnaði stefnanda geri hann einungis ráð fyrir að stefndi hafi hinn 2. febrúar 2009 greitt stefnanda kr. 19.695.501 og þar af einungis kr. 18.494.031 inn á höfuðstól þeirrar kröfu sem mál þetta lýtur að. Á greindum degi hafi stefndi Hreggviður millifært samtals kr. 25.359.213 út af bankareikningi sínum hjá Kaupþingi hf. til SPRON og hafi stefnandi ekki gert grein fyrir ráðstöfun sinni á mismuni upp á kr. 5.663.712. Sú fjárhæð hafi hinn 2. febrúar 2009 verið fyllilega nægjanleg til að gera upp skuldina, sem þá hafi að hámarki verið að fjárhæð kr. 4.748.352 svo sem rakið sé vegna varakröfu stefnda.

Jafnframt kveðast stefndu byggja á því að stefnandi hafi fengið skuldabréf það sem mál þetta snýst um framselt fram Dróma ehf. hinn 31. desember 2013 án sérstaks endurgjalds og sé vísað til þess að stefnandi telji sig hvort eð er enga kröfu eiga á hendur stefnda Hreggviði samkvæmt skattayfirliti fyrir árið 2016. Byggja stefndu á því að stefnandi megi þannig ekki auðgast á kostnað stefndu og vísa til óskráðra reglna laga um óréttmæta auðgun í því sambandi en að minnsta kosti beri að lækka fjárkröfu stefnanda til samræmis við þá fjárhæð sem hann geti sýnt fram á að hann hafi galdið Dróma ehf. fyrir kröfuréttindin.

Stefndi mótmælir sérstaklega vaxtakröfu stefnanda. Fyrir liggir í málinu að stefnandi hafi verið búinn að fallast á umlíðan skuldarinnar enda komi fram í yfirlýsingu stefnda Hreggviðs frá 23. febrúar 2010, að búið væri að semja „um frýstingu þessa lánasamnings“ og geti stefnandi því í fyrsta lagi átt rétt til vaxta af höfuðstólnum frá og með þingfestingu málsins.

Varakrafa stefndu um lökkun fjárkröfu:

Stefndu kveða vera viðurkennt af stefnanda að skuldabréf það sem mál þetta er höfðað vegna, hafi verið bundið ólögmati gengistryggingu. Skuld stefnda Hreggviðs hafi því í öndverðu verið að höfuðstól kr. 22.150.000.

Samkvæmt málatilbúnaði stefnanda hafi stefndi Hreggviður hinn 2. febrúar 2009 greitt „þann hluta skuldarinnar sem var tengd gengi svissnesks franka“ með greiðslu að fjárhæð kr. 18.494.031 og áfallna vexti af þeim hluta hinn sama dag með kr. 1.201.470.

Samtals hafi því stefndi Hreggviður greitt SPRON kr. 19.695.501 þann dag samkvæmt málatilbúnaði stefnanda.

Við þessa greiðslu stefnda Hreggviðs hafi af hálfu stefnanda verið útbúið sérstakt skuldbreytingarskjal, þar sem segi að áfallnir vextir á þann hluta lánsins sem bundinn var gengi japansks jens að fjárhæð 839.649 japönsk jen yrðu lagðir við höfuðstólinn sem sagður hafi verið að fjárhæð 17.862.903 japönsk jen.

Eftir greiðsluna hafi því báðir aðilar gengið út frá því að höfuðstóll skuldar stefnda Hreggviðs væri að fjárhæð 18.702.552 japönsk jen. Með því að síðar hafi komið í ljós að skuldabréfið hafi verið bundið ólögmati gengistryggingu verði að ráðstafa greiðslu stefnda Hreggviðs þannig að fyrst renni greiðslan til greiðslu áfallinna vaxta, annars vegar kr. 1.201.470 inn á evru hlutann og hins vegar kr. 1.092.383 inn á jenahlutann en það séu tilgreindir vextir í íslenskum krónum miðað við sölugengi jens 2. febrúar 2009 (839.649 x kr. 1,301). Standi þá eftir kr. 17.401.648 sem ráðstafa beri inn á höfuðstól skuldarinnar þannig að eftirstöðvar skuldar stefnda Hreggviðs hinn 2. febrúar 2009 teljist hafa verið kr. 4.748.352 (kr. 22.150.000 – kr. 17.401.648) og sé útilokað að hann verði dæmdur til að greiða stefnanda hærri fjárhæð.

Varðandi kröfu um lækkun fjárhæðar sé vísað til almennra reglna samningaréttar og reglna kröfuréttar um gildi fullnaðarkvittana, annars vegar um að stefndi Hreggviður hafi í höndum fullnaðarkvittun fyrir greiðslu vaxta til 2. febrúar 2009 fyrir helmingi skuldar sinnar og hins vegar á því að stefndi sé bundinn af þeirri tilgreiningu sinni að hafa talið stefnda Hreggvið skulda sér vexti að fjárhæð 839.649 japönsk jen á þeim degi, sem hann hafi þá lagt við þann höfuðstól skuldarinnar eins og hann hafi talið hana vera á þeim degi, og að miða eigi við gengi japansks jens á þeim degi og að þá fjárhæð hafi stefndi Hreggviður samþykkt, og því hafi stofnast samningur með aðilum um hana.

Vísa stefndu til þess að ítrekað hafi komið fram í nýlegum dómum Hæstaréttar (t.d. mál nr. 50/2013, 110/2014, 35/2015, 34/2016, 82/2016, 149/2016, 150/2016, 242/2016 og 241/2016) að það sé ein meginregla kröfuréttar að kröfuhafi, sem hefur fengið minna greitt en hann átti rétt til, eigi kröfu á hendur skuldara um það sem vangreitt er en að frá þeirri meginreglu séu þó undantekningar, meðal annars um að fullnaðarkvittun geti að vissum skilyrðum fullnægðum valdið því að kröfuhafi glati frekari kröfu. Stefndu byggja á að slíkar

aðstæður séu uppi í málinu og að stefnandi hafi því ekki mátt reikna sér viðbótarvexti við endurreikning og bæta þeim við höfuðstólinn hinn 2. febrúar 2009.

Af dómum Hæstaréttar megi ráða að þau atriði sem líta verði til við mat á því hvort svo standi á að kröfuhafi hafi glatað rétti sínum til viðbótargreiðslu, sem hann ella hefði átt rétt til, séu í fyrsta lagi hvort skuldari hafi verið í góðri trú, það er hafi hvorki vitað né mátt vita að greiðsla hans var ófullnægjandi þegar hann innti hana af hendi. Í öðru lagi hvort sá aðstöðumunur hafi verið á samningsaðilum að það réttlæti að hafna beri viðbótarkröfu en í því sambandi hafi Hæstiréttur gert skýran greinarmun á því hvort um sé að ræða einstaklinga, lítil fyrirtæki með takmörkuð umsvif eða lítil sveitarfélög andspænis fjármálastofnun eða hvort um sé að tefla stór fyrirtæki með mikil umsvif. Í þriðja lagi hvorum aðilanum standi nær að bera áhættu af þeim mistökum sem leiða til þess að vangreitt hefur verið. Í því sambandi skipti einkum máli hvort festa hafi verið komin á framkvæmd samnings, hversu langur tími líði frá því að mistök komi fram þar til krafa er höfð uppi, hvort öðrum samningsaðila megi fremur kenna um að mistök hafi orðið, hvort samningssambandið sé í eðli sínu einfalt eða flókið og hvert sé umfang viðbótarkröfu. Ekkert eitt þessara atriða geti þó ráðið úrslitum um það hvort kröfuhafi eigi rétt á viðbótargreiðslum, heldur ráði þar heildarmat á aðstæðum öllum, en því verulegra sem óhagræði skuldarans yrði af viðbótargreiðslu því sterkari séu rökin fyrir því að víkja megi frá meginreglunni. Telji stefndu að við slíkt heildarmat beri að fallast á að stefnandi hafi glatað rétti til að krefja stefnda Hreggvið um vexti fyrir liðna tíð, umfram þá vexti sem hann hafi þegar reiknað sér og bætt við höfuðstólinn.

Sé af hálfu stefndu byggt á því að ákvæði laga nr. 151/2010, sem hafi breytt lögum nr. 38/2001, geti ekki haggð rétti stefndu, enda sé ekki með almennum lögum unnt að hrófla svo að íþyngjandi sé með afturvirkum hætti við réttarreglum um samningsskuldbindingar og greiðslu skulda frá því sem gildi þegar til þeirra var stofnað, sbr. og dóma Hæstaréttar í málum nr. 600/2011 og 464/2012.

Vísa stefndu til þeirrar framkvæmdar sem viðhöfð hafi verið í samræmi við samkomulag aðila þess efnis að stefnandi hafi sjálfur ráðstafað öllum greiðslum til sín af bankareikningum stefnda Hreggviðs. Sé byggt á því að þessari framkvæmd verði jafnað til þess að fyrir liggi fullnaðarkvittanir um stöðu skuldarinnar með aðilum.

Stefndi Hreggviður hafi verið í góðri trú, það er hann hafi hvorki vitað né mátt vita að útreikningur stefnanda á vöxtum hafi verið ófullnægjandi og hafi þvert á móti talið að útreikningurinn væri réttur. Þá hafi báðir aðilar gert ráð fyrir að lánin væru bundin gengisviðmiðun með löglegum hætti og hafi þeir gengið út frá því við útreikninga stefnanda, að ákvæði um gengistryggingu höfuðstólsins væru gild.

Kveða stefndu ljóst að aðstöðumunur hafi verið með málsaðilum þar sem fyrirrennari stefnanda hafi verið fjármálafyrirtæki sem hafi starfað á lánamarkaði og boðið viðskiptavinum sínum ýmis kjör, þar með talin lán með gengistryggingu sem hafi reynst vera ólögmæt og starfsemi stefnanda sé jafnframt á sama sviði. Það standi því stefnanda nær að bera áhættu af þeim mistökum sem leitt hafi til þess að fjárhæð vaxta af þeim hluta lánsins sem bundinn var gengi japansks jens hafi verið vanreiknaður þegar þeir hafi verið lagðir við höfuðstólinn við skuldbreytinguna. Telja verði viðbótarkröfu þá sem stefndi hafi nú reiknað sér, þ.e. mismun á stefnukröfu og kr. 4.748.352, þ.e. kr. 2.833.667, vera verulega fyrir stefndu. Hagsmunir af umfangi viðbótarkröfunnar sem stefnandi hafi sér séu því miklu meiri fyrir stefnda en stefnanda.

Byggja stefndu á því að það hafi staðið fyrirrennara stefnanda nær að gæta að því að ákvæði skuldabréfsins væru í samræmi við heimildir laga nr. 38/2001. Fyrir fjármálafyrirtækið hefði ekki átt að verða flókið að gæta að lögmæti samningsákvæða, en það sama geti ekki átt við stefnda Hreggvið en samningssambandið sé í eðli sínu einfalt.

Forsendur og niðurstaða

Í máli þessu krefur stefnandi stefnda Hreggvið um greiðslu á eftirstöðvum skuldabréfs sem stefndi gaf út 22. janúar 2008.

Stefndi byggir sýknukröfu sína í fyrsta lagi á því að hann hafi gefið út skuldabréf þetta vegna kaupa sinna á stofnfjárbréfum í SPRON, en hann hafi verið blekkur í viðskiptunum og bréfin hafi reynst vera verðlaus. Að mati dómsins eru allar málsástæður stefnda sem að þessu lúta haldlausar. Ekki hefur verið leitt í ljós með framburðum vitna eða á annan hátt að stefndi hafi verið blekkur eða að starfsmenn sparisjóðsins hafi gegnið fram með saknæmum hætti gagnvart stefnda Hreggviði á þessum tíma eins og hann kveður. Hefur stefndi t.a.m. ekki freistað ess að leiða þetta í ljós með skýrslutökum af þáverandi starfsmönnum sparisjóðsins, s.s. Ara Bergmann sem stefndi hefur vísað til að hafi verið prímusmótor í viðskiptunum gagnvart sér. Nægir ekki til sönnunar að þessu leyti að vísa til skýrslu Rannsóknarnefndar Alþingis og fjölmiðlaumfjöllunar. Um er að ræða skuldabréf sem stefndi gaf út og ber honum að standa við skuldbindingar sínar samkvæmt bréfinu, eins og það hefur verið endurreiknað, nema honum takist beinlínis að sýna fram á að viðsemjandi hans hafi vísvitandi komið sviksamlega fram í viðskiptunum, en það hefur stefnda ekki tekist. Ekkert liggur heldur fyrir um að stefndi hafi notið ófullnægjandi ráðgjafar vegna kaupa sinna á stofnfjárbréfunum, en það getur auk þess ekki skipt máli þegar um er að tefla skuldabréf eins og í þessu máli, en fyrir liggur að bréfið hefur verið endurreiknað og kemur því ekki til skoðunar hvort stefndi naut

ófullnægjandi ráðgjafar um lántöku í erlendum myntum. Þá verður auk þess ekki fram hjá því horft að stefndi er sjálfur löggiltur endurskoðandi og því má ætla að hann hafi ívið meiri þekkingu á slíkum viðskiptum en almennt gerist um viðskiptavinum bankastofnana.

Stefndi hefur í annan stað vísað til þess að hann hafi þegar greitt kr. 19.695.501 vegna skuldabréfsins og þegar virt sé að hann hafi upphaflega tekið að láni kr. 19.998.511 vegna stofnfjárbréfakaupanna, þá beri að líta til 36. gr. laga nr. 7/1936 og telja kaupin uppgerð. Um þetta er í fyrsta lagi að segja það að sú fjárhæð sem stefndi greiddi fyrir bréfin getur ekki verið hér til viðmiðunar, heldur sú fjárhæð sem skuldabréfið fjallaði um. Auk þess er ekki annað að gera en að hafna þessu þegar vegna þess að í tölum þessum er ekkert tillit tekið til vaxta og endurútreiknings lánsins.

Þá hefur stefndi borið fyrir sig að vegna brostinna forsendna verði honum ekki gert að greiða stefnanda hina umkröfðu fjárhæð. Vísar stefndi hér til þess að stofnfjárbréf þau sem hann keypti hafi ekki reynst vera góð fjárfesting, heldur þvert á móti. Ekki er unnt að fallast á þetta. Í fyrsta lagi vegna þess að skuldabréfið er ekki um stofnfjárbréfakaup stefnda og eru viðskiptin að baki bréfinu sem slíku óviðkomandi. Í annan stað vegna þess að öllum sem taka þátt í því að höndla með slík viðskiptabréf hlýtur að vera ljóst að til beggja vona geti brugðið. Var með öllu óraunhæft fyrir stefnda að ætla það, svo sem hann hefur borið, að hann gæti búist við því að áhættulaust myndi hann hagnast um milljónir króna út á það eitt að vera í hópi útvalinna manna sem fengju að vera í einhvers konar „elítuhópi“. Þvert á móti mátti stefnda vera ljóst að í slíkum viðskiptum er morgunverðurinn ekki ókeypis.

Stefndi byggir á því að ógilda beri tryggingarbréfið útgefið 6. ágúst 2008 þar sem óþarfi hafi verið að gefa það út að því virtu að skuldabréfið hafi á ólögmeta hátt verið gengistryggt, en að því virtu að það hafi í raun bara verið í íslenskum krónum þá hafi tryggingin verið óþörf. Á þetta verður ekki heldur fallist, enda liggur ekki fyrir að á þeim tíma hafi þetta legið fyrir. Sama máli gegnir um þá viðbáru stefnda að honum hafi verið sagt að stofnfjárbréfin sjálf myndu alltaf duga fyrir skuldinni, sbr. það sem áður segir um eðli verðbréfaviðskipta enda ekkert undanskilið í téðu tryggingarbréfi. Verður ekki séð að það sé á einhvern hátt ósanngjarnt af hálfu stefnanda að vísa til þeirrar tryggingar sem bréfið færir honum.

Þá vísar stefndi til þess að Ari Bergmann útibússtjóri hafi lofað því að veðinu yrði aflétt, en um þetta er allt ósannað.

Varakröfu sína byggir stefndi í fyrsta lagi á því að hann hafi fyrir löngu greitt upp skuld sína. Greiðslur 2. febrúar 2009, samtals að fjárhæð kr. 25.359.213 verði að teljast vera fullnægjandi til lúknings á hinni umkröfðu skuld, þegar virtur sé endurreikningur vegna ólöglegar gengisviðmiðunar, eins og stefndi telji að hann eigi að vera. Að mati dómsins hefur

stefndi ekki sýnt fram á að téð fjárhæð hafi öll verið greidd vegna umrædds skuldabréfs. Getur þessi málsástæða því ekki orðið til þess að sýkna stefnda.

Þá vísar stefndi til þess að stefnandi hafi fengið bréfið framselt frá Dróma hf. á endurgjalds og eigi því ekki að auðgast á kostnað stefnda. Á þetta er ekki unnt að fallast, en í fyrsta lagi liggur ekkert fyrir um hvort stefnandi greiddi fyrir kröfuna, en í öðru lagi þá geta viðskipti stefnanda við Dróma hf. ekki breytt skuldbindingu stefnda sem skuldara gagnvart kröfuhafa sínum.

Eins og að framan greinir gerir stefndi varakröfu um lækkun á hinni umkröfðu fjárhæð.

Stefndi byggir á því að ósanngjarnt sé af stefnanda að byggja á tryggingarbréfi sem stefndi hafi gefið út áður og hafi verið vegna annarra viðskipta. Á þetta er ekki unnt að fallast, og kveður eftirstöðvar skuldarinnar í mesta lagi geta hafa verið kr. 4.748.352, en um þetta vísar stefndi til almennra reglna samningaréttar og reglan kröfuréttar um gildi fullnaðarkvittana, annars vegar um að stefndi hafi í höndum fullnaðarkvittun fyrir greiðslu vaxta til 2. febrúar 2009 fyrir helmingi skuldarinnar og hins vegar að stefnandi sé bundinn af þeirri tilgreiningu sinni að hafa talið stefnda skulda sér vexti að fjárhæð 839.649 japönsk jen á þeim degi, sem hann hafi lagt þá við þann höfuðstól skuldarinnar eins og hann hafi þá talið hann vera og að miða eigi við gengi japansks jens á þeim degi og að þá fjárhæð hafi stefndi Hreggviður samþykkt og því stofnast samningur um hana.

Að mati dómsins er ekki unnt að fallast á þetta. Hvort tveggja er ósannað, þ.e. að stefndi Hreggviður hafi í höndum fullnaðarkvittun fyrir greiðslu vaxta til 2. febrúar 2009, en jafnframt að sérstakur samningur hafi stofnast um eftirstöðvar á þeim degi.

Þá hefur stefndi mótmælt vaxtakröfu stefnanda og geti stefnandi í fyrsta lagi átt rétt til vaxta af höfuðstólnum frá þingfestingardegi málsins. Verður þessi málatilbúnaður skilinn svo að um sé að ræða dráttarvaxtakröfuna. Á þetta er ekki unnt að fallast, enda liggur ekkert fyrir um að stefnandi hafi fallið frá rétti sínum til þeirra, þó að samið hafi verið um greiðslufrest á árinu 2010.

Verður því stefndi Hreggviður dæmdur til að greiða hina umstefndu fjárhæð og með þeim dráttarvöxtum sem krafist er.

Þá verður jafnframt fallist á kröfu stefnanda um að stefndi Litli Moshvoll ehf., verði gert að þola að fjárnám verði gert í nefndri fasteign, eins og krafist er og nánar greinir í dómsorði.

Þrátt fyrir þessa niðurstöðu þykir vera rétt að málskostnaður falli niður á milli aðila.

Sigurður G. Gíslason héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Hreggviður Þorsteinsson, greiði stefnanda, Arion banka hf., 7.582.019 kr. ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 22. apríl 2015 til greiðsludags.

Stefndi, Litli Moshvoll ehf., skal þola að fjárnám verði gert í fasteign hans, Litli-Moshvoll, Rangárþingi eystra, landnr. 164178, samkvæmt tveimur tryggingabréfum útgefnum af stefnda, Hreggviði Þorsteinssyni, annars vegar tryggingarbréf nr. 5250 sem útgefið var þann 15. desember 2006 að upphaflegri fjárhæð 10.000.000 kr., verðtryggt með grunnvísitöluna 266,1, sem nú hvílir á 4. veðrétti fasteignarinnar og hins vegar tryggingarbréf nr. 800545 sem útgefið var þann 6. ágúst 2008 að upphaflegri fjárhæð 200.000 evrur, sem nú hvílir á 5. veðrétti fasteignarinnar, fyrir kröfu að fjárhæð 7.582.019 kr. ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 22. apríl 2015 til greiðsludags.

Málskostnaður fellur niður.

Sigurður G. Gíslason